

Bæjarfréttir

Útvarpið í kvöld:

20.30 Erindi: Frá Ísrael. — Þjóð endurfæðist; síðara erindi (Gylfi P. Gíslason menntamálaráðherra). 20.55 Tónleikar (plötur). 21.30 Útvarpssagan: „Sunnufell“, eftir Peter Freuchen; XX. (Sverrir Kristjánsson sagnfræðingur). 22.00 Fréttir og veðurfregnir. 22.10 Búnaðarþáttur. Sitt af hverju (Gísli Kristjánsson ritstjóri). 22.25 Hjördis Sævar og Haukur Hauksson kynna lög unga fólksins — til 23.25.

Veðrið í morgun:

Léttskýjað og bjartviðri sunnanlands, rigning og súld nyrðra. Í Rvík var N 5 og 8 st. í morgun. — Allmikil lægð er milli Færeyja og Noregs á hreyfingu norðaustur. Háþrýstisvæði yfir Grænlandi og fyrir vestan Ísland. — Hiti erlendis kl. 6 í morgun: London 16, París 16, Khöfn 16, Stokkhólmur 13, Gibraltar 21, Lissabon 23, New York 24 og Þórs-höfn í Færeyjum 8.

Eimskipafélag Íslands:

Dettifoss kom til Leningrad 1. þ. m., fer þaðan til Helsingfors, Kotka, Gdynia, Flekkefjord og Faxaflóahafna. Fjallfoss fór frá Ísafirði 2. þ. m. til norður- og austurlandshafna. Goðafoss fór frá Reykjavík í gærkvöldi til New York. Gullfoss fór frá Kaupmannahöfn 2. þ. m. til Leith og Reykjavíkur. Lagarfoss fór frá Hamborg 2. þ. m. til Reykjavíkur. Reykjafoss fór frá Rotterdam 2. þ. m. til Antwerpen, Hull og Reykjavíkur. Tröllafoss fór frá New York 1. þ. m. til Reykjavíkur. Tungufoss kom til Akureyrar 1. þ. m. frá Dalvík. Reinbeck fór frá Leningrad 2. þ. m. til Rotterdam og Reykjavíkur. Drangajökull lestar í Hamborg 12. þ. m. til Reykjavíkur.

Gamla Bíó

sýnir í kvöld í fyrsta sinn enska gamanmynd, **Þrír á báti**, sem gerð er eftir hinni kunnu gamansögu Jerome K. Jerome „Three Men in a Boat“, sem komið hefur út í íslenskri þýðingu. Kvikmyndin er af Cinemascopegerð og í Eastmanlitum. Hún hefur verið sýnd hvarvetna við mikla aðsókn, enda vel

gerð og leikin og hver spaugilegur atburðurinn rekur annan. Með aðalhlutverk fara Laurence Harvey, Jimmy Edwards og David Tomlinson.

Frá Menningar- og minningarsjóði kvenna.


Nýlega er lokið úthlutun styrkja úr sjóðnum fyrir yfirstandandi ár. Úthlutað var 32 þúsund krónum til 18 kvenna. Nokkrar fleiri umsóknir bárust er ekki var hægt að sinna að þessu sinni. — Eftirtaldir styrkir voru veittir: Alma E. Hansen, Rvík. Tónlist í Þýskalandi, kr. 2000.00. Arnheiður Sigurðardóttir, S.-Þing. Ísl. fræði við Háskóla Íslands, kr. 2000.00. Ásdís Jóhannsdóttir, Hveragerði. Efnafri. í Þýskal., kr. 3500.00. Ásgerður Ester Búadóttir, Rvík. Myndavefnaður, kr. 1500.00. Gíslrún Sigurbjörnsd., Rvík. Listvefni. í Austurr., kr. 1000.00. Grímhildur Bragad., Árness. Tannlækn. í Þýskal., kr. 2500.00. Guðrún Jónsd., Rvík. Hýbýlafr. í Danmörku, kr. 1000.00. Guðrún Sigr. Magnúsd., V.-Skaft. Íslenzk. fr. Hásk. Ísl. kr. 1500.00. Gústa I. Sigurðard., Rvík. Franska og fr. bókm. í Frakk., kr. 2500.00. Helen Louise Markan, Rvík. Söngur í Svíþjóð, kr. 1000.00. Ingibjörg Stephensen, Rvík. Tannlækn. í Engl., kr. 2000.00. Jóna Þorsteinsd., Rvík. Listvefni. í Austurr., kr. 1000.00. Maia Sigurðard., Akure. Salarfr. í Bretlandi, kr. 3500.00. Margrét E. Margeirsd., Rvík. Fél.málafr. í Danm., kr. 1500.00. Olga Jóna Pétursd., Rvík. Sjúkranudd í Þýskal., kr. 1000.00. Sigrún Árnad., Rvík. Ísl. fræði v. Hásk. Ísl., kr. 1500.00. Sólveig Kolbeinsd., Skagaf. Ísl. fræði v. Hásk. Ísl., kr. 1000.00. Zita Kolbrún Benediktsd., Rvík. Tónlist í Danm., kr. 2000.00.

75 ára er í dag

Vígfús Guðbandsson, klæðskerameistari, Brávallagötu 20. —

Bezt að auglýsa í Visi

KROSSGÁTA NR. 3581:



Lárétt: 2 Evrópumanna, 5 yfir, 6 á sumum fótum, 8 samhljóðar, 10 lík, 12 málmur, 14 fugl, 15 á krossi, 17 dæmi, 18 nafn.

Lóðrétt: 1 nafn, 2 ...ald, 3 eyjan græna, 4 hindraði, 7 svik, 9 gras, 11 ósamstæðir, 13 þrír eins, 16 eyja í sögu greifans af Monte Cristo.

Lausn á krossgátu nr. 3580.

Lárétt: 2 krafa, 5 Osló, 6 ófu, 8 mó, 10 agna, 12 eru, 14 gor, 15 löst, 17 ta, 18 skart.

Lóðrétt: 1 Rommels, 2 kló, 3 rofa, 4 aðfarar, 7 ugg, 9 örök, 11 not, 13 UA, 16 tr.

Öld tíðin —

Framh. af 5. síðu.

íð. Þá stundðu þær 70 bátar í stuttan tíma og nam afli þeirra 18.241 tunnu til söltunar, 4.638 hl. til frýstingar og u. þ. b. 1.500 hl. í bræðslu til verksmiðjanna.

Við suðurströndina eru tíðum stórar síldartorfur en síldin þar er yfirleitt ekki eins feit og Norðurlands síldin. Hún er einnig venjulega nokkru yngri en sú, er veiðist fyrir norðan. Þessi síld er oft nefnd Faxaflóasíld enda veiðist hún mestmegnis í flóanum. — Sökum straumbunga og annara erfiðra veðurskilyrða hefur reynzt vandkvæðum bundið að stunda annað en reketaveiði á þessum slóðum.

Háhyrningar valda tjóni.

Háhyrningar hafa valdið usla og eyðileggingu með því að ráðast í stórum hópum á síldina í netunum og rífa þau. Sprengjuvarp úr lofti hefur gefið góðan árangur í baráttunni gegn skemmdarvörgunum en þó ekki dugað til þess að bæja þeim frá að fullu og öllu.

Síldveiðarnar við suðvesturland síðustu tvö árin hafa ekki gengið vel. Í hitteð fyrra nam aflinn 57.110 hl. til verksmiðjanna, saltað var í 50.282 tunnum og 76.950 hl. frýstir. Á síðasta ári nam bræðslusíldaraflinn 33.480 hl., saltsíld 116.319 tunnum og frýst 115.749 hl.

Þriðjudagur.

217. dagur ársins.

Landsbókasafnið

er opið alla virka daga frá kl. 10–12, 13–19 og 20–22, nema laugardaga, þá frá kl. 10–12 og 13–19.

Þjóðminjasafnið

er opið á þriðjud., fimmtud. og laugard. kl. 1–3 e. h. og á sunnudögum kl. 1–4 e. h.

Bæjarbókasafn Reykjavíkur verður lokað vegna sumarleyfa frá 13. júlí til 6. ágúst.

Bibliolestur: 1. Jóh. 3,11–18. Í verkni og sannleika.



Góð vara, sparar peninga

Sú upphæð sem þér eyðir í góðan hlut skilar sér aftur með tímanum. Þegar þér kaupir góða skyrtu með hinu fræga JOSS vörumerki fáið þér fyrir peningana: 1. flokks framleiðslu og endingu. Nýttizku flíbbasnið. Gott efni, sem ekki hleypur, er litekta og heldur sér vel. Biðjið aðeins um vandaðar skyrtur, sem eru með vörumerkinu

Vinnuskyrtur, ferðaskyrtur, sportskyrtur, samkvæmisskyrtur, — skyrtur við allra hæfi.



Útflytjendur:

CENTROTEX — PRAGUE — CZECHOSLOVAKIA.

Umboð:

Björn Kristjánsson, Vesturgötu 3, Reykjavík, sími 10210.

Krúsév í miklum vanda.

Flaug óvænt til Peking til viðræðna við Mao.

Samkvæmt tilkynningu, sem birt var í Moskvu árdegis á að Pekingstjórninni er eðlilega sunnudag, fór Krúsév loftleiðis til Peking fimmtudag í fyrri viku til viðræðna við Mao tse Tung, forsætisráðherra alþýðulýðveldisins kínverska.

Birt var sameiginleg yfirlýsing að loknum þessum viðræðum, og eftir heimkomu Krúsévs í fyrradag var búizt við, að birt myndi verða svar hans við seinustu bréfum Macmillans og Eisenhower, þar sem þeir stínga upp á fundi stjórnarleiðtoga innan vébanda Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hinn 12. þ. m.. En ekki hafði veitt verið tilkynnt um svar frá Krúsév.

Í útvarpsfyrirlestri í London í morgun var sagt, að Krúsév hefði farið óvænt og með stuttum fyrirvara. Það muni hafa verið óhjákvæmilegt, að Rússar og Kínverjar samræmdu afstöðu sína til fundar stjórnarleiðtoga, og þegar Eisenhower og Macmillan hafi stungið upp á ákveðnum degi, hafi Krúsév séð, að hann yrði að svara ákveðið. Vitað er, að afstaða stjórna-

innar er önnur en Krúsévs, því að Pekingstjórninni er eðlilega ekki um það gefið, að Krúsév taki þátt í fundi þar sem fulltrúi þjóðernissinnastjórnarinnar kínversku getur beitt neitunarvaldi. Afstaðan er líka breytt í nálægum Austurlöndum, þar sem m. a. bæði Bretland og Bandaríkin hafa viðurkennt Írak.

Loks er á það bent, að það hafi aukið vanda hans, að það yrði honum til álitshnekkis, ef enginn fundur yrði haldinn vegna neikvæðrar afstöðu hans, þegar ekki virðist vanta nema herzlumuninn, að fundurinn verði ákveðinn.

Fréttabréf

um efnahagsmál, 5. tbl. 1. árg., gefið út af Seðlabankanum, er komið út. Er þar m. a. dregið á triverzlunarmálið, efnahagsþróunina í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Þá er gefið efnahagsmálaskýrslu Sameinuðu þjóðanna. Nokkrar aðrar greinar eru í bréfinu.

Minnisblað almennings

Áðegis/læði kl. 9.48.

Óskrivstóðin hefur síma 11100.

Læturvörður Ingólfs Apótek, sími 11330.

Lögregluvarðstofan hefur síma 11166.

Slyssavarðstofa Reykjavíkur í Heilsuverndarséðinni er opin allan sólarhringinn. Læknarvörður L. R. (fyrir vitjanir) er á sama stað kl. 13 til kl. 18. Sími 15030.

Ljósatími bifreiða og annarra ökutækja í lögsagnarumdæmi Reykjavíkurverður kl. 23.10–3.55.

Árbæjarsafn Opið daglega nema mánudaga, kl. 2–6 e.h.

Tækni- og bókasafn I. M. S. Í. í Iðnskólanum er opið frá kl. 1–6 e. h. alla virka daga nema laugardaga.

Listasafn Elnars Jónssonar Hnitbjörgum, er opið kl. 130–3.30 alla daga.